
Kyrrar hringiður og málaðar höggmyndir

Myndlistarmennirnir Grétar Reynisson og Guðjón Ketilsson opna sýningu í Austursal Kjarvalsstaða á morgun. Þetta er í fyrsta sinn sem þeir félagar sýna verk sín saman. Guðjón sýnir málverk og tréskúlptúra sem hann hefur unnið síðastliðin þrjú ár, en Grétar sýnir myndverk unnin með olíu, akrýl og blýanti á krossvið, striga, járn og pappír.

Guðjón sagði að sér fyndist gefandi að fást við skúlptúra og málverk á víxl. Þetta eru ólíkar aðferðir, en það er eins og þær auðgi hvor aðra. Það hefur aldrei böggl-ast neitt fyrir mér, sagði Guðjón þegar hann var spurður að því hvort það væri ekki óvenjulegt að beita svona mismunandi aðferðum við vinnu sína. Hann tekur skorpur í þessu hvoru fyrir sig og vissulega má sjá að þetta flæðir saman. Guðjón sagðist alls ekki vilja gera upp á milli þessara tveggja aðferða. Sér fyndist þær báðar skemmtilegar.

Grétar Reynisson sagðist ekki treysta sér til að skera úr um það hvort hann ætti að kalla myndirnar sínar blýantsteikningar eða málverk. Hvað stærðina snertir eru þetta málverk. Þetta er ekki gert með blýanti á pappír. Ætli megi ekki segja að ég sé að leika mér að því gagnsæja í blýantinum. Ég vil ekki beinlínis segja að blýanturinn sé ómerkilegt verkfæri, en ég þreiði meira úr honum en tíðkast. Ég hef verið að reyna að ná kyrrð inn í myndirnar. Þess vegna kem ég að sama spíralnum aftur og aftur. Ég hef verið að vinna með hringi undanfarin ár en nú er það spírallinn sem gildir.



Myndlistarmennirnir Grétar Reynisson og Guðjón Ketilsson á sýningu sinni í Austursal Kjarvalsstaða. Mynd: Jim Smart.

Grétar var spurður að því af hverju hringiðan kæmi aftur og aftur inn í myndirnar hans og hann sagðist einna helst giska á að þetta hefði byrjað með því að krota með blýanti á blað og svo vafið upp á sig. Þessar myndir eru ekki af neinu, sagði Grétar. Þær eru það sem þú sérð og ekkert annað.

- Eru þetta þá ekki myndir af hringiðu? spurði viðmælandinn og lét þess getið að hringiðan er sígild mynd af því að sogast inn í eitthvað, oft í tengslum við að hverfa og deyja.

- Það er mjög gott að þú segir þetta, sagði Grétar. Þó að myndin sé ekki af neinu þá vonar maður einmitt að áhorfandinn haldi áfram með það sem hann sér.

Frammi á gangi eru höggmyndir Guðjóns og þar er Grétar með litlar myndir af hringnum, þessu frumformi sem er svo áleitið í myndum hans.

En af hverju fást menn við frumformin í myndlist? Eru þau ekki öll komin á hreint fyrir löngu?


Allar myndir eru að einhverju leyti frumform, segir Grétar. Þú sleppur hvorki frá línunni, fern-ingnum né hringnum. Það er skemmtilegur leikur að útskýra myndlist, en hann er ekki nauðsyn-legur. Sumir læra þetta og leggja það fyrir sig. Aðrir ganga að því sem áhugamenn.

Stundum kæfa menn myndlist-ina í skilgreiningum og ofskýring-ar geta líka verið leiðinlegar.

- kj

Hver fær bóka-verðlaunin?

Nú eru komnir yfir 900 nýir áskrifendur.
1000. nýi áskrifandinn fær vegleg verðlaun; PERLUR Í NÁTTÚRU ÍSLANDS eftir Guðmund P. Ólafsson en Mál og Menning gefur þessi verðlaun.



ÞJÓÐVILJINN
Áskriftarsími 91-681333

AUK-9d21-589

HÖRKU GOTT!
TILBOÐ!
SKÓLA OSTUR
Í KÍLÓPAKKNINGUM
MEÐ 15% AFSLÆTTI
OG ÞÚ SPARAR
120 KR./KG
VAR: 787.- KR./KG
VERÐUR: 667.- KR./KG
Nú skaltu kaup'ann....
því krakkarnir vilj'ann....
OSTA OG SMJÖRSALAN SIF